

UNIVERSITY
STOFNUN

Atvinnuveganefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. nóvember 2020
UST202010-251/G.R.G.
04.03

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að draga úr notkun pálmaolíu á Íslandi, 112. mál.

Umhverfisstofnun vísar til bréfs dags. 26. október 2020 þar sem atvinnuveganefnd óskaði umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að draga úr notkun pálmaolíu á Íslandi, 112. mál. Í tillögunni er lagt til að ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra verði falið að vinna áætlun um takmörkun á notkun pálmaolíu í allri framleiðslu á Íslandi og leggja fram frumvarp um bann við notkun hennar í lífdísil.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með ákvæðum reglugerðar nr. 960/2016 um gæði eldsneytis en samkvæmt reglugerðinni ber eldsneytisbirgjum að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku um 6% eigi síðar en 31. desember 2020.

Ein af aðferðunum til að ná þessu markmiði er blöndun lífeldsneytis, t.d. því sem er unnið úr pálmaolíu, við jarðefnaeldsneyti þar sem að reiknað er með því í reglugerðinni að notkun lífeldsneytis losi minni gróðurhúsalofttegundir en notkun jarðefnaeldsneytis. Þær kröfur sem gerðar eru til lífeldsneytis sem notað er til að ná framangreindu markmiði fylgja kröfum sem gerðar eru til lífeldsneytis samkvæmt regluverki ESB um endurnýjanlega orkugjafa. Með nýrri tilskipun 2018/2001/EB (RED II) er stefnt að því að herða kröfur sem gerðar eru varðandi endurnýjanlegt eldsneyti sem unnið er úr fóðurplöntum og hraða samdrætti í notkun slíks eldsneytis fram til ársins 2030. Þannig eru gerðar kröfur um að eldsneyti sem unnið er úr fóðurplöntum skuli ekki vera meira en 1% umfram gildi ársins 2020 en þó ekki hærra en 7% af heildarorkunotkun í samgöngum á landi. Nánari upplýsingar um nýjar kröfur sem gerðar verða til notkunar pálmaolíu í lífeldsneyti og takmarkanir á slíkri notkun má nálgast í umsögn Orkustofnunar um þingsályktunartillöguna, en stofnanirnar höfðu með sér samráð vegna umsagnanna.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Orkustofnunar um að mögulegt sé að flýta takmörkunum á notkun pálmaolíu í innleiðingarferli RED II tilskipunarinnar, verði hún tekin upp í EES samninginn. Umhverfisstofnun tekur einnig undir það að í því samhengi sé mikilvægt að skoða möguleika eldsneytissala og -birgja til að ná skuldbindingum sínum sem settar eru með lögum um endurnýjanlegt eldsneyti og reglugerð um gæði eldsneytis. Jafnframt er mikilvægt að tímamörk taki mið af innkaupaferli og samningagerð hagsmunaaðila þannig að þeim verði gert mögulegt að undirbúa slíkar takmarkanir og ná lögbundnum umhverfismarkmiðum.

Virðingarfyllt

Eiríkur Þ. Baldursson
sérfræðingur

Gísli Rúnar Gíslason
lögfræðingur